

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1564
komudagur 14.4.2000

Kirkjubæjarþingi 12.04.2000.

Til Alþingis nefndarvísðskórstemmi.

Frá Flókbúliði Skaftarkrepps.

Vísad til bréfs dagsett 4. apríl 2000.

Hér sendum við umsögn okkar varðandi
frumvarpanum Gunnarsonar sem nú
liggur fyrir 125 lögjafarþinginu
mál nr 485.

Meðvirðingu

Fyrir hönd Flókbúliði Skaftarkrepps

Hilmar Gunnarsson

Hugleiðingar og um leið athugasemdir við framvarp það um brunvarnir sem nú liggur fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000, 485. mál.

Í 7. gr. er lagt til að í brunamálaráði sitji sjö menn. Vandséð er hvers vegna sjö manns þarf til setu í nánast valdalausum ráði. Ef á annað borð þarf að hafa ráðgefandi stjórn eða ráð mætti ætla að þrjú menn dygðu til setu þar. Auk þess má benda á að fulltrúi úr Landssambandi slökkviliðsmanna sem nú er orðið stéttarfélag getur varla átt setu í slíku ráði. Aftur á móti á að sjálfsögðu að sitja þar fulltrúi úr röðum slökkviliðsstjóra, þó svo að í ráðinu sætu aðeins þrjú menn eins og gert er ráð fyrir að verði í skólaráði Brunamálaskólans.

Í 8. gr. þar sem tekur á ráðningu brunamálastjóra segir að hann, þ.e. brunamálastjóri, skuli hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun. Í fyrsta tilliti sýnist að verið sé að gera minni kröfur til hæfni brunamálastjóra en gert er í núgildandi lögum þar sem segir: Brunamálastjóri skal vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur. Í fljótu bragði virðist sem þarna sé með öllu ástæðulaus breyting nema að annað komi til.

Ekki er hægt að fjalla um væntanleg lög um brunamál án þess að taka sérstaklega á 9. kafla sem fjallar um Brunamálaskólann. Svo sem kunnugt er hefur Brunamálastofnun rekið um árábil farskóla sem notið hefur vaxandi virðingar og vinsælda meðal slökkviliðsstjóra sem og slökkviliðsmanna á landsbyggðinni. Flestir þeir sem vissu af væntanlegum nýjum lögum um brunamál væntu þess að sjá þar sérstaka grein varðandi farskólann þar sem mótuð væri stefna og frekari viðgangur

skólans. Á landsbyggðinni hafa menn fyrir löngu gert sér ljóst að til þess að byggja upp slökkvilið sem á að vera vel virkt verður kennsla og leiðbeiningar að fara fram sem mest á því svæði sem slökkviliðinu er ætlað að þjóna. Einmitt þessi staðreynd hefur mönnum orðið ljós eftir að Farskóli Brunamálastofnunar kom til. Það ber því brýna nauðsyn til, að áður en lög þessi verða samþykkt verði bætt í frumvarpið vel orðaðri grein þar sem tekið er á starfsemi farskólans og skýrar reglur settar um starfsemi hans. Fáar en háværar raddir hafa verið uppi um að færa ætti allt nám slökkviliðsmanna til stærri slökkviliðanna í landinu og þá væntanlega atvinnuslökkviliðanna. Á landsbyggðinni gera menn sér ljósa þá staðreynd að ef til þess kæmi að sá háttur yrði hafður á, þá mundi nánast allt nám slökkviliðsmanna dragast saman af þeirri einföldu ástæðu að sveitarfélög úti á landi hafa ekki fjármagn til þess að senda 20 til 30 manns til námsdvalar hjá, til dæmis Slökkviliði Reykjavíkur. Auk þess sjá menn fram á þá örðugleika sem eru samfara því að fá menn lausa úr starfi, til þess að senda þá til náms utan síns byggðarlags. Einnig er mönnum vel ljós sú staðreynd að margir slökkviliðsmenn gegna störfum í fyrirtækjum sem ógjarnan geta af þeim séð án þess að aðrir komi í staðinn. Svo er og takmarkaður áhugi manna fyrir námsdvöl í Reykjavík þegar mönnum er ljóst að námið gæti með góðu móti farið fram í þeirra heimabyggð. Það er því öllum á landsbyggðinni ljóst að það er ekkert fyrirkomulag betra en farskóla-fyrirkomulagið. Enginn efast um að Slökkvilið Reykjavíkur geti kennt landsbyggðarslökkviliðsmönnum fræðin, en á móti kemur að heima læra þeir meðferð og notkun á þeim tækjum og búnaði sem þeim er ætlað að nota ef til alvörunnar kemur og það eitt er ærin ástæða til þess að efla Farskóla Brunamálastofnunar. Nú mætti spyrja hverra hagsmunir eru hafðir í hávegum ef til þess kemur að Farskóli Brunamálastofnunar verður lagður niður og öll kennsla slökkviliðsmanna færð til atvinnuslökkviliðanna það er til Slökkviliðs Reykjavíkur og hugsanlega Slökkviliðs Akureyrar. Á minnisblaði skólanefndar Brunamálaskólans frá 19. nóvember 1999 má sjá grein þar sem lagt er til að gerður verði samningur við atvinnu slökkviliðin í landinu, um að taka að sér skólastarfið, í skólanefnd eru Hrólfur Jónsson Slökkviliði Reykjavíkur, Birgir Finnsson Slökkviliði Akureyrar og Björn Gíslason Slökkviliði Reykjavíkur. Spyrji nú hver fyrir sig eru það hagsmunir landsbyggðarinnar sem þarna eru hafðir í fyrirrúmi þegar verið

er að gera slíkar tillögur. Varla getur það verið þar sem vitað er að nokkru sinnum hafa verið gerðar ályktanir og samþykktir á fundum slökkviliðsmanna, þar sem lagðar hafa verið áherslur á eflingu farskólans. Nú síðast í nóvember 1999 sendu um 95% slökkviliðsstjóra frá sér undirritaða yfirlýsingu til þeirrar nefndar sem vann að endurskoðun þeirra laga um brunavarnir og brunamál sem nú liggur fyrir Alþingi. Í yfirlýsingu þessari er tekið á, meðal annars Farskóla Brunamálastofnunar og bent á að þjálfunarheimsóknum til slökkviliða sé haldið áfram og lögð skuli aukin áhersla á starf Brunamálastofnunar heima í héraði. Það ætti því að vera öllum sem vinna að brunamálum í landinu ljóst að það er ótvíræður vilji slökkviliðsmanna á landsbyggðinni að Farskóla Brunamálastofnunar verði áfram og hann eflður svo sem þörf krefur.

Í 12. gr. sem fjallar um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga segir í lok greinarinnar. Heimilt er að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr. eftir því sem við á. Þessa málsgrein ætti tvímælaust að fella út, minnugir þeirrar neikvæðu útkomu sem varð af flutningi rafmagnseftirlits frá Rafmagnseftirliti ríkisins til skoðunarstofa í einkarekstri. Á hinn bóginn ætti að efla þann þátt starfsemi Brunamálastofnunar sem snýr að aðstoð við byggingareftirlit í hinum minni sveitarfélögum.

Í 19. gr. þar sem fjallað er um þjónustuskýldur slökkviliðsmanna og um þóknun fyrir slökkvistörf segir að sveitarstjórn ákveði þóknun í samráði við samtök slökkviliðsmanna. Ekki eru allir slökkviliðsmenn í Landssambandi slökkviliðsmanna svo gera má ráð fyrir því að þeir sem ekki eru í samtökum slökkviliðsmanna vilji sjálfir ráða sínum samningum við sveitarfélögin. Til dæmis í samræmi við texta þess stéttarfélags sem þeir eru aðilar að.